

Terra Umhverfisþjónusta hf.
Berghella 1
221 Hafnarfjörður

29. október 2025
UOS2501510/K.G.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 11. september 2025 – Terra Akureyri

Þann 11. september sl. fór fram reglubundið eftirlit í spilliefnamóttöku Terra umhverfisþjónustu hf. á Akureyri. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram.

Ein ábending var sett fram í eftirlitinu er varðar:

1. Lögð er áhersla á að Terra komi sér upp skýru og samræmdu verklagi sem tryggir reglulega og rekjanlega framkvæmd í eftirfarandi atriðum:
 1. Skil á ársyfirliti og umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) árlega.
 2. Reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði, svo sem sand- og olíuskiljum og söfnunarþró.
 3. Sýnatöku og vöktunarmælingar á frárennslisvatni samkvæmt starfsleyfi.

Fjögur frávik komu fram er varða:

1. Ársyfirliti fyrir árið 2024 var skilað seint og barst 29. október 2025. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Fráviki er lokið.
2. Ekkert skráð verklag um reglubundið viðhald og eftirlit með mengunarvarnabúnaði. Verklag rekstraraðila barst 29. október 2025. Gr. 2.8 í starfsleyfi. Fráviki er lokið.
3. Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað seint og barst 12. september 2025. Fráviki er lokið.
4. Engar vöktunarmælingar voru framkvæmdar árið 2024. Mælingar bárust 13. október 2025 fyrir árið 2025 og allar mælingar voru innan losunarmarka starfsleyfis. Fráviki er lokið.

Virðingarfyllst,

Kjartan Guðmundsson

Sérfræðingur í teymi eftirlits

Sigríður Kristinsdóttir

Sérfræðingur í teymi eftirlits